

Nd.

174. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur nú hvert skattafrumvarpið á fætur öðru. Tekjur, sem þannig fást, ganga til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs, sem fara dagvaxandi með ógnarhraða. Verðbólguvöxturinn skapar ríkissjóði sem öðrum auknar skuldbindingar, og ríkisstjórnin sér enga aðra leið en að afla aukinna tekna með meiri skattálögum. Hvergi örlar á sparnaði eða nokkru viðnámi gegn þessari háskalegu þróun. Til viðbótar við háa, beina skatta er nú þessa dagana hver skatturinn af öðrum lagður á í alls konar myndum. Svo langt er nú gengið, að greiðslugetu alls þorra manna er ofboðið, þeirra sem greiða gjöld sín samkvæmt lögnum. Það er skoðun okkar, að þessa þróun verði að stöðva og taka upp raunhæfar aðgerðir gegn verðbólguvandinum í stað þess að auka hann, eins og ráðgert er með þessu frumvarpi og öðrum svipuðum, sem nú liggja fyrir Alþingi.

Efni þessa frumvarps er, að af allri gjaldeyrissölu bankanna skuli innheimt 0.5% álag, er renni í ríkissjóð. Sú hækkun, sem af þeirri framkvæmd leiðir, leggst á allt vöruverð í landinu, bæði nauðsynjar og óþarfa, og eykur þannig dýrtíðina. Sú aukning er meiri en gjaldinu nemur, því að ofan á það bætist söluskattur til ríkissjóðs, auk þess sem álagning leggst á hærri stofn.

Í athugasemdum frv. segir, að tekjur af gjaldinu séu áætlaðar 35 millj. kr., en upplýsingar hafa ekki, þrátt fyrir eftirgrennslanir, fengið um það, hverju heildartekjur ríkissjóðs af gjaldinu muni nema, þegar tillit hefur verið tekið til söluskattsins, og ekki heldur hvaða áhrif gjaldið hefur endanlega á vöruverðið. Hverjar sem þær tölur kunna að vera, er augljóst, að þessi nýi gjaldeyrisskattur leiðir til almennra verðhækkana og hefur sömu áhrif og gengislækkun á vöruverðið í landinu. Skatturinn er því þess eðlis, að hann magnar verðbólguvandann og er að því leyti skaðlegur.

Ríkisstjórnin hefur lagt áherzlu á, að ekki sé unnt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þeirra tekna, sem ríkissjóður fær skv. þessu, ef að lögum verður. Hér er þó aðeins um að ræða örlítið brot af heildartekjum ríkissjóðs á næsta ári, og ekkert, sem bendir til þess, að afgreiða þurfi fjárlög með greiðsluhalla, þótt ekki sé gert ráð fyrir gjaldeyrisskatti, ef tekjur væru rétt áætlaðar og meiri sparnaðar gæft á rekstrarliðum en gert er.

Með hliðsjón af framansögðu leggjum við undirritaðir til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1965.

Einar Ágústsson, Skúli Guðmundsson.
frsm.